

Ed.

361. Nefndarálit

um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefnda.

Um leið og þetta þýðingarmikla mál fer úr nefnd í fyrri þingdeildinni til samþykktar á Alþingi, þykir hlýða að fara um það nokkrum orðum, og athuga þá fyrst sögu málsins.

Á fyrsta þinginu, sem Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn störfuðu saman að þjóðmálum, tóku þeir til meðferðar mjólkursöllumál Reykvik-inga. Það var veturinn 1917. Jörundur Brynjólfsson og Sigurður Jónsson atvinnumálaráðherra höfðu aðalforgöngu um málið. Bæjarstjórn Reykjavíkur var gefin heimild til að skipuleggja mjólkursöluna í bænum, og með reglugerð, sem S. J. gaf út og byggði á þessum lögum, var ákveðið, að mjólkurbúðir í Reykjavík skyldu ekki vera fleiri en 12.

Kyrrstöðumenn voru í meiri hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur og hafa verið það jafnan síðan. Þeir vildu ekki sinna málinu og höfðust ekki að, nema að fjölga mjólkurbúðum, þannig að nú í haust voru þær orðnar 105. Þá var bæjarstjórn búin að leyfa um 80; 25 voru ólöglegar.

Smátt og smátt varð í raun og veru ákaft mjólkurstrið í Reykjavík. Framleiðendur börðust um búðirnar, hver gæti haft flestar og þannig komið út mestu af mjólk. En jafnframt lagðist kostnaðurinn við allar þessar mörgu búðir á framleiðsluna, gerði hana mjög dýra, en afraksturinn litill fyrir flesta bændur, einkum þá, sem þurftu að flytja mjólkina langa leið til bæjarins.

Þegar Flóaáveitan var að verða fullger, nokkru fyrir kosningar 1927, hafði íhaldsstjórnin skipað 3 menn úr sínum flokki í nefnd til að gera tillögur um mjólkurvinnsluna austanfjalls. Þessir menn voru Geir Zoëga vegamálastjóri, Magnús bóndi Þorláksson á Blikastöðum og Valtýr Stefánsson ritstjóri. Sú nefnd vann á þeim grundvelli, að eingöngu skyldi framleiða vinnslumjólk og halda bændum austanfjalls frá því að selja mjólk til neyzlu í Reykjavík.

En með stjórnarskiptunum 1927 kom ný stefna fram í mjólkurmálinu. Tryggvi Þórhallsson skipaði nýja nefnd í málið, þar sem þeir voru ekki M. Þ. og V. St. Skyldi hin nýja nefnd unna bændum austanfjalls fulls jafnréttis við þá, sem nær bjuggu sölustaðnum.

Upp úr starfi þessarar nefndar risu búin tvö austanfjalls, annað í Flóanum, en hitt í Ölfusinu. Átti Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri mestan þátt í, að búin urðu tvö. En svo vel var til þeirra vandað, að þau gátu í öllu keppt um vörugæði og vöruvöndun við hvert annað mjólkurbú, hvar sem var í landinu.

En íhaldsmenn í Reykjavík og í nágrenninu undu ekki vel við sinn hlut, að sjá hinn mikla uppgang bændanna austanfjalls. Thor Jensen lagði í mjög umfangsmikla ræktun í Mosfellssveit og rak mjólkurframleiðsluna sem stóriðju. Var svo komið málum í vetur sem leið, eftir því sem Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri fullyrti þá, að bú Thor Jensens útrýmdi af markaðinum í Reykjavík sem svaraði framleiðslu 80 meðalsveitaheimila. Tóku nú að mynd-

ast miklir flokkadrættir um mjólkurmálið, og urðu stórframleiðendur í Reykjavík og grennd við bæinn meir og meir ákveðnir í því að útiloka bændur í byggðum fjær höfuðstaðnum frá markaðinum þar.

Hinni fyrstu mjólkurmálanefnd hafði misheppnast þessi útilokun vegna kosningasigurs Framsóknar- og Alþýðuflokksmanna 1927. En nú var leitað nýrra ráða. Forstjóri Mjólkurfélags Reykjavíkur lagði fögur á land alveg við hliðina á mjólkurbúi Flóamanna. Voru kaup þessi gerð með mikilli leynd, og vissu bændur austanfjalls alls ekki um samning þennan. En tilgangurinn var auðsær, sá, að keppa við austanbúið, gera það veikt og vanmáttugt til að reka sjálfstæða starfsemi fyrir það fólk, sem bjó á Suðurláglendinu.

En þetta tilræði heppnaðist heldur ekki. Búin austanfjalls áttu að visu við margháttaða erfiðleika að búa, en þó óx þeim fiskur um hrygg ár frá ári. Um þetta leyti stofnuðu Árnesingar mikið kaupfélag, með aðalstöðvum á Selfossi, hjá mjólkurbúi Flóamanna. Tókst brátt mikil samvinna með forgöngumönnum þessara tveggja fyrirtækja, og þá ekki síður er kaupfélagsstjórinn, Egill Thorar-ensen, varð líka forsvarsmaður mjólkurbúsins.

Þegar hér var komið sögunni, fór áhrifanna austan yfir heiði að gæta í meðferð mjólkurmálanna í Reykjavík. Að visu reyndu áhrifamiklir íhaldsleiðtogar í Reykjavík og þar í grennd stöðugt að þoka bændum austan heiðar út af markaðinum, en nú voru búin austanfjalls orðin nógu sterk til að geta varið tilverurétt sinn.

Mjólkurbúin, sem seldu í Reykjavík hreinsaða mjólk, voru nú fjögur: Mjólkurfélagið, Korpúlfsstaðabúið og búin tvö austanfjalls. Auk þess seldu fjölmargir menn, sem áttu heima í Reykjavík, mjólk beint úr fjósum sínum, og einn slíkur maður fékk að sögn einn fjósbásinn löggiltan sem mjólkurbúð, af forráðamönnum Rvíkur. Mjólkurbúin höfðu með sér einskona félagsskap, svokallað **Mjólkurbandalag Suðurlands**, en laus voru þau samtök í sniðum og grunnt á því góða í innbyrðis hagsmunabaráttu. Thor Jensen og margir af helztu leiðtogum Mjólkurfélags Reykjavíkur voru mjög andvígir að koma á föstu allsherjarskipulagi á mjólkursöluna í bænum. Einkum var þeim mikið áhugamál að halda bændum austanfjalls frá Reykjavíkurmarkaðinum.

Jón Árnason framkvæmdarstjóri í Sambandinu og Egill Thorarensen í Sig-túnunum tóku nú að beita sér fyrir, að málið yrði athugað á breiðari grundvelli, þannig að allir, sem seldu mjólk til neyzlu í Reykjavík, yrðu fremur samstarfsmenn en keppinautar. Vildu þeir, að byggt yrði, eftir því sem við gæti átt, á reynslu Norðmanna, sem komið hafa á viðtækri skipulagningu um afurðasöluna innanlands. Kom þar loks á Alþingi 1932, að Bjarni Ásgeirsson bar fram frv. um skipulagningu mjólkursölnunnar, en það náði ekki fram að ganga í það sinn. Árið 1933 var frv. enn borið fram í Nd. og hafði eindregið fylgi framsóknarmanna og nokkurra sjálfstæðismanna. Í þessum frv. var komið fram með þá hugmynd, að leggja nokkurn skatt á þá mjólk, sem seld var til neyzlu í Reykjavík, til að bæta upp verðlag á mjólk þeirra bænda, sem urðu að láta vinna osta og skyr úr sinni mjólk, en gátu annars keppt um sama markað. Jafnframt var gert ráð fyrir, að aðflutt mjólk á Reykjavíkurmarkaðinn skyldi vera gegilsneydd. Málið kom síðar til efri deildar og gekk þar gegnum tvær um-

ræður, en er þar var komið sögunni og allir bjuggust við, að mjólkurlögin yrðu afgreidd í líku formi og neðri deild hafði gengið frá þeim, kom skyndilega mikill andblástur gegn frumvarpinu í Reykjavík. Jón Þorláksson og verzlunarstétt bæjarins hafði yfirleitt verið málinu andvíg, og var nú mjög slegið á þá strengi, að hár skattur yrði lagður á hverja kú í bænum til hagsbóta fyrir sveitabændur. Jafnhliða þessu létu leiðtogar íhaldsins hafa eftir sér, að þeir myndu nota sér einkasölulögin frá 1917, og láta hæinn verzla sjálfan með mjólk, og þá fyrst og fremst kaupa af bæjarmönnum og beztu vinum sínum í nágrenninu. Fóru svo leikar, að við síðustu umræðu í efri deild var nálega allt efni frumvarpsins fellt, og stóð ekkert eftir, sem máli skipti, nema gerilsneyðing aðfluttrar mjólkur. Verðjöfnunargjaldið og allt, sem því viðkom, var fellt niður. Bændurnir í dreifbýlinu höfðu orðið að hopta til baka um stundarsakir. Íhaldsáhrifin í Reykjavík sigruðu að mestu í þetta sinn, og hin dulbúna hátun um að útiloka bændur austanfjalls frá sölumarkaðinum olli því, að sumir af leiðtogum samvinnumanna vildu heldur nota það litla, sem í boði var, en að snúast öndverðir gegn leifum frv., meðan þing og stjórn var skipuð eins og þá stóð.

Eftir að þingi sleit vorið 1933 aðhafðist stjórnin ekkert til að framkvæma mjólkurlögin. Þorsteinn Briem ráðherra landbúnaðarmála var lengi önnum kafinn í kosningabaráttu í Dalasýslu, og að henni lokinni vildi hann helst segja af sér ráðherradómi og hverfa úr stjórnalabaráttunni.

Framsóknarmenn litu öðrum augum á málið. Þeir vildu sækja fram, en ekki hörfa til baka. Um mitt sumar 1933 tóku þeir Jón Árnason og Eysteinn Jónsson upp að nýju umræður um skipulagningu innanlandssölnnar á fundum miðstjórnar Framsóknarflokksins. Var málið rætt þar ýtarlega og komið að þeirri niðurstöðu, að skipulagning á sölu mjólkur, kjöts og jarðepla væri langþýðingarmesta baráttumál Framsóknarflokksins. Alþingi kom saman litlu síðar. Voru þá hafnir samningar um málefnasamstarf og stjórnarmyndun milli framsóknarmanna og Alþýðuflokksins. Gerðu framsóknarmenn skipulagningu innlendrar afurðasölu að höfuðmáli sínu í þessum samningum. Var fyrst skorað á Ásgeir Ásgeirsson og síðan á Sigurð Kristinsson að mynda stjórn á þessum grundvelli. Hvorugur þessara manna gat náð nauðsynlegum meiri hluta, því að Jón Jónsson og Hannes Jónsson synjuðu í bæði skiptin um stuðning og samvinnu. Varð ekkert úr stjórnarmyndun í það sinn, en Þorsteinn Briem hélt áfram að vera „fungerandi“ ráðherra þar til eftir kosningarnar 1934.

Skipulagning mjólkursölnnar hafði strandað á Alþingi 1933. Og allsherjarskipulagning um sölu kjöts og mjólkur strandaði snemma vetrar 1933 á hinum nána félagsskap Jóns Jónssonar, Hannesar Jónssonar og Þorsteins Briem við Jón Þorláksson og leiðtoga íhaldsstefnunnar í Reykjavík.

Þegar hér var komið sögunni, höfðu þeir Jón Jónsson og Þorsteinn Briem undirbúið flokksstofnun sína, enda hafði miðstjórn framsóknarmanna þá vikið þeim J. J. og H. J. úr flokknum, þótt þingflokkurinn hefði ekki fyrr en nokkru síðar staðfest þá ákvörðun. En síðustu dagana í nóv. her Jón Jónsson fram þingsályktun í efri deild um að skora á stjórnina að láta athuga innanlandssölu með landbúnaðarafurðir. Fer hér á eftir tillaga hans:

„Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram rækilega athugun á því, hversu heppilegast væri að haga sölu á afurðum landbúnaðarins í landinu sjálfu, og hvaða ráðstafanir væri hægt að gera af ríkisvaldsins hálfu til þess að tryggja sem best markað fyrir þær innanlands og að minnsta kosti svo hátt verð, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn endurgoldinn. Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Sambands íslenskra samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbandalags Suðurlands. Leggja skal árangurinn af þessari athugun fyrir næsta Alþingi.“

Jónas Jónsson bar þá fram eftirfylgjandi breytingartillögu við tillögu Jóns Jónssonar:

„Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, ólaunaða, til að undirbúa fyrir næsta þing frv. um skipulag á sölu landbúnaðarafurða innanlands, svo framarlega sem Samband ísl. samvinnufélaga, Sláturfélag Suðurlands, Mjólkursamlag Suðurlands, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands vilja leggja til, hvert um sig, einn mann í nefndina.“

Umræður urðu allmiklar um málið, en er kom til atkvæðagreiðslu, féll tillaga Jónasar Jónssonar 29. nóv. 1933 með 8 atkv. gegn 6. Já sögðu: Björn Kristjánsson, Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson, Páll Hermannsson, Einar Árnason. Nei sögðu: Bjarni Snæbjörnsson, Eiríkur Einarsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Jónsson, Jón Þorláksson, Kári Sigurjónsson, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon.

Tillaga Jóns Jónssonar var síðan samþ. Samt þótti sjálfstæðismönnum hún ekki nógu lítilsvirðandi fyrir samvinnufélögin. Jón Þorláksson sagðist geta verið með fyrsta og síðasta lið tillögunnar, en ekki með þeirri málsgrein, þar sem gert var ráð fyrir, að nokkur hin helztu samvinnufélög yrðu spurð um álit þeirra á því, sem landsstjórnin vildi gera. Einar Árnason lét það eftir Jóni Þorlákssyni að bera tillöguna upp í þrennu lagi. Fjórir sjálfstæðismenn urðu til að greiða atkvæði gegn því, að samvinnufélögin yrðu beðin að segja álit sitt um málið. Það voru þeir Jón Þorláksson, Magnús Jónsson prófessor í guðfræði, Bjarni Snæbjörnsson læknir í Hafnarfirði, og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Búnaðarbankanum, Pétur Magnússon.

Af hálfu framsóknarmanna var bent á í umræðunum, að tillaga Jóns Jónssonar væri ákaflega veigalítill. Framsóknarflokkurinn var búinn að taka málið til meðferðar sem höfuðstefnumál, og leggja á það megináherzlu að undirbúa um það samvinnu um nýja landsstjórn með öðrum flokki. En það var einmitt tillögumaðurinn Jón Jónsson, sem hafði hindrað, að byrjað yrði að vinna að verkinu, með því að hindra frá stjórnarmyndun tvívegis menn, sem hann þóttist trúa til góðra hluta. Mótstaða hans var öll gegn stefnu þeirri, sem stjórnin vildi vinna að, en það var einmitt sjálf skipulagningin. Það var þess vegna enginn maður til í öllu þinginu, sem minni líkur voru til, að hefði alvarlegan og einlægán áhuga á þessu máli heldur en sjálfur tillögumaðurinn.

Og sú stjórn, sem átti að biðja að rannsaka málið, hafði ekki sýnt neina viðleitni um að leysa þetta mál. Og jafnvel þó að landbúnaðarráðherrann hefði haft á því máli einhvern áhuga, þá var hann algerlega hindraður frá að vinna málinu nokkurt gagn, þar sem kröftugustu andstæðingar samvinnufélaganna,

eins og t. d. fjórmeningarnir, sem ekki vildu láta svo mikið sem tala við bænda-félögin um málið, voru meginmáttarstoðir og allra nánustu félagsbræður Þorsteins Briem.

Við umræður um tillöguna var landbúnaðarráðherranum bent á, að til-lagan væri að öllu leyti vanhugsuð. Tillögumaðurinn og landbúnaðarráðherr-ann höfðu verið aðalmenn við að hindra stjórnarmyndun til að koma skipu-lagningunni í framkvæmd. Í stjórnarráðinu og í þjónustu stjórnarinnar voru engir menn, sem höfðu sérlega þekkingu, áhuga eða reynslu til að vinna að skipulagningu þessara mála. Samt átti rannsóknin að vera gerð af þessum mönnum. Og eftir tillögunni átti aðeins að spyrja mennina, sem höfðu reynsl-una, þekkinguna og áhugann, um hvað þeir sögðu um verk þeirra, sem ekki voru undirbúnir að gera þetta vandasama starf. En jafnvel þetta þýðingarlitla spurningamál var of mikið fyrir Jón Þorláksson og nánasta fylgilið Þorsteins Briem. Þetta kom auðvitað af því, að Jón Þorláksson var móti skipulagning-unni. Hann vissi, að það gætu engir undirbúið og framkvæmt málið nema leiðtogar samvinnumanna, og meðan hægt var að halda þeim frá afskiptum af málinu myndi gamla ólagið fá að vera í friði. En ofan á þennan ófullkomna málatilbúning bættist svo það, að stjórnin átti ekki að gera annað en leggja árangurinn af þessum athugunum fyrir þingið. Hér er ekki talað um svo mikið sem frumvarp, hvað þá bráðabirgðalög eða löggjöf um málið. Hér var verið að fara með stærsta mál bænda eins og leikfang.

Breytingartillaga sú, sem borin var fram af hálfu Framsóknarflokksins og í samráði við Jón Baldvinsson, við tillögu Jóns Jónssonar, beindi málinu alger-lega inn á nýja braut. Þar var hinum stærstu samvinnufélögum og Alþýðusam-bandinu gefinn kostur á að leggja til sína hæfustu menn til að gera frumvarp um afurðasöluna, og skyldi það frv. lagt fyrir næsta þing. Hér var gert ráð fyrir að taka málið föstum tókum og hrinda því í framkvæmd. En jafnframt lá í breytingartillögunni bending um það, að leysa málið með samstarfi framleið-enda og neytenda. Slikt hafði aldrei heyrzt áður, sízt frá Jóni Jónssyni og hans vinum. En þar var hinn eini færi vegur, eins og reynslan hefir sýnt.

Þorsteinn Briem og sjálfstæðismenn létu lið sitt samþykkja tillögu Jóns Jóns-sonar. En lítið varð úr framkvæmdinni. Jón Árnason hafði nokkru áður en til-laga Jóns Jónssonar kom fram í þinginu boðað kaupfélagsstjóra landsins á fund í Reykjavík á áliðnum vetri, til að samvinnumenn gerðu ákveðnar ákvarð-anir um innanlandsverzlunina. Fundur þessi var haldinn á útmánuðunum, og mættu þar fulltrúar frá flestum helztu samvinnufélögum landsins. Þar voru gerð ýtarleg frumvörp um bæði kjötsöluna og mjólkursöluna, og þau eru lítið breytt orðin að bráðbirgðalögum þeim, sem þingið hefir nú til meðferðar.

Pegar hér var komið sögunni, sneri Þorsteinn Briem sér að lokum til sam-vinnufél. og Alþýðusambandsins og bað þau að leggja til menn í n. til að gera frv. um málið. Gekk ráðherrann með þessu algerlega frá stefnu Jóns Jónssonar og inn á grundvöll framsóknarmanna og Alþýðuflokksins. Honum var ljóst, að straumurinn var orðinn það sterkur, að ekki þýddi annað en berast með hon-um. Nefndin var skipuð og hafði nokkra fundi um málið, þ. e. um þau frum-vörp, sem kaupfélagsstjórafundurinn var búinn að samþykkja. Þorsteinn Briem

lét málið annars afskiptalaust. Hann gaf ekki út bráðabirgðalög um málið, og sýndi því það minni áhuga heldur en Magnús Guðmundsson um rekstur Sólbakkaverksmiðjunnar. En þegar sáust úrslit kosninganna, tóku framsóknarmenn aftur upp þráðinn frá í fyrrahaust, ákváðu stjórnarmyndun með Alþýðuflokknum og gerðu skipulagninguna að aðalatriði fyrir sitt leyti í samningum við jafnaðarmenn. Var fast á þessu máli tekið, og skömmu eftir að stjórnin var mynduð hafði landbúnaðarráðherra gefið út tvenn bráðabirgðalög um þetta efni, önnur um kjötsöluna og hin um mjólk og rjóma. Var hér á einu ári hrundið í framkvæmd einu hinu mesta baráttumáli. Það var seint á sumri 1933, að Jón Árnason og Eysteinn Jónsson tóku málið upp sem höfuðbaráttumál framsóknarmanna, og ári síðar hafði Hermann Jónasson gefið út bráðabirgðalögin. Samvinnumenn höfðu á þessu eina ári, með fulltrúa frá Alþýðuflokknum, gert hinar nauðsynlegu rannsóknir, sem löggjöfin byggðist á. Og á bak við þessa löggjöf stóð þjóðin sjálf, þær tvær stéttir, sem bera uppi þjóðarstarfið, bændurnir og verkamennirnir.

Mjólkurlögin, sem samþykkt voru á þinginu 1933, höfðu þegar í stað mjög óheppileg áhrif á framleiðslustarfsemina á Suðurlandi. Nú tók að risa upp nýr mjólkuriðnaður í Reykjavík, byggður á því að kaupa að hey og fóðurbæti. Stór og mikil fjós voru reist í útjöðrum bæjarins og byrjað á undirbúningi með að gera bændur óþarfa sem mjólkurframleiðendur fyrir bæinn. Ef mjólkurlögin frá 1933 hefðu staðið óbreytt í nokkur ár, er litill vafi á, að megnið af neyzlumjólk Reykjavíkur hefði verið framleitt í útjöðrum bæjarins, heyið aðflutt og kjarnfóðrið frá útlöndum.

Landbúnaðarráðherra sá, sem tók við mjólkurlögunum 1933, skipti sér ekki meira af mjólkurlögunum en það, að lögin voru ekki framkvæmd, jafnvel um það eina nýmæli, sem í þeim var, gerilsneyðinguna á aðfluttri mjólk. Loks kom þó þar, að einn af þeim mönnum, sem mest flutti inn í bæinn af óhreinsaðri mjólk, var kærður, og dæmdur sekur í undirrétti og hæstarétti. En er þar var komið sögunni, sneri hinn brotlegi maður sér til dómsmálaráðherra, Magnúsar Guðmundssonar, og bað hann ásjár. Brást ráðherra vel við því máli og tjáði fulltrúa lögreglustjórans að láta við svo búið sitja og hindra ekki hina ólöglegu mjólkursölu í bæinn, fyrr en hann segði til. Fylgir hér með, þessu til sönnunar, yfirlýsing fulltrúans, er hann sendi þáverandi lögreglustjóra, sem þá var staddur á Kaldrananesi í Strandasýslu.

Hermann Jónasson, lögreglustjóri p. t. Kaldrananesi.

Eftirfarandi vottast:

Kristján Jóhannsson, mjólkursali, var sektaður 16. apríl s. l. fyrir ólöglega mjólkursölu. Hinn 18. þ. m. hafði lögreglustjórinn komið að því, að Kristján hélt hinni ólöglegu sölu áfram, og fól hann mér þá að koma fram ábyrgð gegn honum og gera þær ráðstafanir, sem tiltækilegar væru til þess að hindra sölu. Ég kallaði Kristján þá fyrir þann 19. þ. m., en þá fékk hann af skrifstofu minni að tala í síma við dómsmálaráðherra, sem síðan í samtali tjáði mér, að málið

mætti biða, unz hann tilkynnti mér, hvað gera skyldi í því, en fyrirskipun þar að lútandi er ókomin.

Jónatan Hallvarðsson.

Leið þannig fram yfir kosningar 1934, að hin ólöglega sala var látin viðgangast og ekkert annað gert í málinu. Var nú fullreynt, að sjálfstæðismenn og Þorsteinn Briem höfðu hvorki löngun eða getu til að framkvæma **nokkuð** í þessum skipulagsmálum, því að það litla, sem lögboðið var, létu þeir samt ekki framkvæma.

Við myndun ráðuneytis Hermanns Jónassonar var það eitt af mestu áhugamálum Framsóknarflokksins að koma í framkvæmd skipulagningu mjólkursölunnar. Tókust um þetta samningar á þeim grundvelli, sem lagður var í breytingartillögu framsóknarmanna, þeirri sem sjálfstæðismenn og Jón Jónsson felldu 29. nóv. s. l. Framleiðendur og neytendur tóku höndum saman við undirbúning málsins, við bráðabirgðalögin og nú á Alþingi við endanlega lögfestingu þeirra. Samtök þessara tveggja aðila eru byggð á því að láta hina óþörfu skattlagningu til óþarfra millimanna hverfa. Meðan framleiðendur eða neytendur reyndu samkomulag við óþörfu milliliðina var öll skipulagning óframkvæmanleg. En einmitt þessir milliliðir ráða mestu í Sjálfstæðisflokknum. Það er vegna þessarar fjölmennu stéttar, að mjólkurbúðir Reykjavíkur hafa orðið 105. Það var þessi stétt, sem eyðilagði verðjöfnunarskattinn á Alþingi 1933. Það var þessi stétt, sem hindraði ríkisstjórnina í því að framkvæma gerilsneyðinguna 1933, þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli, og það var þessi stétt, sem kom Magnúsi Guðmundssyni til að banna að loka búðum lögbrjótanna eftir að hæstaréttardómur var fallinn í málinu.

Á einum stað á Íslandi hefir verið sett fullkomið skipulag á sölu mjólkur. Það er í Eyjafirði og það er hið sterka Kaupfélag Eyfirðinga, sem rutt hefir brautina fyrir menn í öðrum landshlutum. Á Akureyri er mjólkinn ódýr fyrir neytendur, en verðmikil fyrir framleiðendur. En þar er milliliðagjaldið lítið, miklu minna en nokkursstaðar annarsstaðar.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er stigið stórt spor í þá átt að geta látið alla þjóðina, bæði framleiðendur og neytendur, læra af fordæmi hinna reyndu samvinnumanna í Eyjafirði, þeirra manna, sem fyrstir sinna samlanda hafa gert mjólkurverzlun héraðsins réttláta og heilbrigða. Við alla meðferð þessa máls hefir til hins ýtrasta verið byggt á leiðsögn hinna elztu og reyndustu samvinnufélaga. Þess vegna er hér lagt til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. nóv. 1934.

Páll Hermannsson,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Jónas Jónsson,
frsm.